

## REGLUGERÐ

**um (1.) breytingu á reglugerð nr. 973/2011 um gildistöku reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 21/2004 um að koma á kerfi fyrir auðkenningu og skráningu sauðfjár og geita.**

1. gr.

Ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið sem vísað er til í I. kafla, I. viðauka, skulu öðlast gildi með breytingum og viðbótum sem leiðir af I. viðauka, bókun 1 við samninginn og öðrum ákvæðum hans. Á grundvelli ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 61/2011 frá 2. júlí 2011 öðlast eftirfarandi ESB-gerð gildi hér á landi:

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 506/2010 frá 14. júní 2010 um breytingu á viðaukanum við reglugerð ráðsins (EB) nr. 21/2004 að því varðar sauðfé og geitur sem haldin eru í dýragörðum.

2. gr.

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 506/2010 er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 55 frá 7. október 2011, bls. 220.

3. gr.

Matvælastofnun fer með eftirlit með því að ákvæðum þessarar reglugerðar sé framfylgt í samræmi við lög nr. 93/1995 um matvæli.

4. gr.

Um brot gegn reglugerð þessari fer samkvæmt 30. gr., 30. gr. a – 30. gr. e og 31. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 31. gr. a laga nr. 93/1995 um matvæli og 17. gr. laga nr. 103/2002 um búfjárhald o.fl.

6. gr.

Reglugerðin öðlast þegar gildi.

*Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, 13. febrúar 2012.*

F. h. r.

**Sigurgeir Þorgeirsson.**

*Indriði B. Ármannsson.*